



Inntökureglur fyrir Leikskólann Sólvelli og leikskóladeildina Eldhamra Grundarfirði

1. gr.

Í Leikskólanum Sólvöllum eru börn frá eins árs til fimm ára. Í leikskóladeildinni Eldhömrum eru börn fimm til sex ára.

2. gr.

Börn eru tekin inn frá 12 mánaða aldri sé laust pláss í Sólvöllum, að því gefnu að húsrými sé til staðar og fjöldi starfsfólks leyfi, í samræmi við reglur bæjarins um barngildi.

3. gr.

Meðan barn er í aðlögun í leikskólanum Sólvöllum er ekki boðið uppá dvalartíma frá kl. 7:45 - 08:00. Hið sama gildir um aðlögun á Eldhömrum, eftir atvikum.

4. gr.

Leikskóladvöl er úthlutað með hliðsjón af aldri barna, eldri börn njóta forgangs að leikskóladvöl sé um biðlista að ræða.

5. gr.

Forgang að leikskóladvöl geta átt:

- Börn einstæðra foreldra
- Börn sem búa við fötlun
- Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður eða eru með aðild að barnaverndamálum, skv. mati Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga
- Heimilt er að veita forgang börnum starfsfólks í grunnþjónustu (s.s. Leikskólinn Sólvellir, Grunnskóli Grundarfjarðar, heilbrigðisstarfsfólk sem skortur er á) og er sótt um slíkt til leikskólastjóra, sem ber mál undir bæjarráð. 6. gr.

Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að barn og a.m.k. annað foreldri/forráðamaður eigi lögheimili í Grundarfjarðarbæ og hafi íslenska kennitölu. Hægt er að sækja um dvöl áður en lögheimili en flutt en leikskóladvöl getur ekki hafist fyrr en lögheimili hefur verið flutt.

Heimilt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði ef laus pláss eru í leikskólanum/leikskóladeild og ef lögheimilissveitarfélagið greiðir hlut sveitarfélagsins í kostnaði samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga eða annarri

ákvörðun Grundarfjarðarbæjar. Yfirlýsing frá lögheimilissveitarfélagi þarf að liggja fyrir samhliða því að inntaka barns er samþykkt. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

7. gr.

Sótt er um í gegnum íbúagátt á vef Grundarfjarðarbæjar. Skólastjóri veitir umsóknum móttöku og úthlutar leikskólavist.

Æskilegt er að foreldrar/forráðamenn barna sem nálgast leikskólaaldur sæki tímanlega um vist.

8. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur leikskólavistar er einn mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda dag hvers mánaðar. Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskóladvöl. Þegar uppsagnarbréf er afhent hafa foreldrar fengið viðvörðun og tækifæri til að ganga til samninga um vangoldin gjöld.

9. gr.

Um starfstíma, dvalartíma og gjaldskrár fer eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.* Hægt er að sækja um niðurfellingu leikskólagjalda ef veikindi barns vara í 4 vikur eða lengur. Sótt er um til skólastjóra.

** Á fundi bæjarráðs í júlí 2024 var t.d. samþykkt að börn frá 12-16 mánaða aldri fái að hámarki 6 klst. dvöl. Gildir sú ákvörðun á meðan henni er ekki breytt af bæjarstjórn.*

Samþykkt í skólanefnd 9. desember 2024
og bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 12. desember 2024.
Samhliða falla eldri reglur úr gildi.